

Fundargerð

11. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 16. maí kl. 9:00-11:00

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkhart Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson

Varamaður: Þröstur Eysteinnsson.

1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 10. fundi var samþykkt án athugasemda.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir þeim málum sem nefndinni hafa borist frá síðasta fundi og afgreidd hafa verið milli funda. Erfðanefnd fékk þingsályktunartillögu um eflingu íslenska geitfjárstofnsins til umsagnar og skilað var umsögn um hana í febrúar. Þar var tillögunni fagnað og jafnframt bent á stofnræktarstyrki til geitfjáreigenda og rannsóknir sem eru í gangi. Loks var óskað eftir samráði við nefndina um útfærslu stuðningsaðgerða. Nefndinni hafa borist lokaskýrslur vegna þriggja verkefna sem hún hefur styrkt, þ.e. Aldingarður í Kristnesi (Helgi Þórsson), Erfðabreytileiki geitfjárstofnsins (Jón H. Hallsson) og Erfðabreytileiki kúastofnsins (Jón H. Hallsson). Veitt var umsögn vegna beiðni um innflutning á 50 skrautdúfum frá Kaliforníu.

4. Starfsáætlun erfðanefndar – staða mála

Gerð áætlunarinnar hefur miðað allvel og liggja fyrir lokadrög að skýrslu um áætlunina. Kafli um skógrækt hefur bæst við frá síðustu drögum. Farið var yfir skýrsluna og nefndarmenn bentu á nokkur atriði í textanum sem mætti bæta eða auka við. Almenn ánægja var með vinnu Ríkharts við gerð áætlunarinnar og honum falið að ljúka verkinu sem fyrst. Stefnt er að því að gefa áætlunina út á netinu, gjarnan á nýrri heimasíðu erfðanefndar sem áætlað er að koma á fót.

5. Afgreiðsla umsókna um styrki til erfðanefndar

Alls bárust 7 umsóknir til nefndarinnar í þetta sinn. Ákveðið var að styrkja fimm verkefni sem hér segir:

Erfðafjölbreytileiki í íslenska kúastofninum (LbhÍ, JHH)	kr. 600 þús
Erfðafjölbreytileiki í íslenska geitfjárstofnunum (LbhÍ, JHH)	kr. 700 þús.
Kynningarefni fyrir landnámsþæunna (Júlíus M. Baldursson)	kr. 150 þús.
Veggspjöld um geitfé, hunda og hæns (BÍ)	kr. 300 þús.
<u>Geitfjársetur Íslands – undirbúningur að stofnun (BÍ o.fl.)</u>	<u>kr. 500 þús.</u>
Samtals	kr. 2.250 þús

Nokkur umræða varð vegna umsókna um styrk til Geitfjárseturs þar sem sótt var um 2.500 þús. Erfðanefnd getur ekki gerst stofnaðili að Geitfjársetri eins og gert er ráð fyrir í umsókninni. Hins

vegar telur nefndin rétt að styðja við framtakið og því var samþykkt að veita minni styrk til stuðnings undirbúningi að stofnun setursins. Jafnframt var samþykkt að nefndin myndi senda bréf til flutningsmanna þingsályktunartillögu um eflingu geitfjárstofnsins með afriti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og aðstandenda Geitfjárseturs, þar sem framtakið er stutt og bent á helstu atriði sem nefndin telur mikilvæg varðandi framtíð stofnsins.

6. Þátttaka erfðanefndar í Fræðapingi landbúnaðarins

Rætt um möguleika á málstofu um íslenskar erfðaauðlindir á Fræðapingi 2009. Fyrir liggur töluvert af efni sem orðið hefur til í verkefnum sem erfðanefnd hefur styrkt og víðar og því ætti að vera af nógu að taka. Gerð verður tillaga um þetta til undirbúningsnefndar Fræðapings.

7. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður í haust og vonast er til að þá megi kynna lokaútgáfu af starfsáætlun erfðanefndar.